

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um viðbrögð vegna PISA-könnunar**

Á fundi borgarráðs, 7. desember 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig skóla- og frístundasvið ætlar að bregðast við nýjustu niðurstöðum PISA. Hvað á að gera í stöðunni? Á hverju á að byrja? Staðan er grafalvarleg og af nýjustu niðurstöðum PISA má draga þá ályktun að tími sé til kominn að horfast í augu við að breyta þurfi nálgun í lestrarkennslu auk margs annars. Rauð ljós hafa logað í mörg ár. Auðvitað eru skýringar ekki einhlítar. Horfa þarf í marga þætti, stuðningur við skóla, aðhald og samskiptin í skólastofunni. Ekki allar aðferðir sem notaðar eru í grunnskólum Reykjavíkur eru full gagnreyndar. Fulltrúi Flokks fólksins hefur ótal sinnum ávarpað þennan vanda og komið með tillögum um breytingar ýmist að farsími barnanna skuli ekki inn í kennslustofur til að valda þeim ekki truflun og einnig lagt til að leita þurfi nýrra leiða t.d. með innleiðingu þróunarverkefnisins Kveikjum neistann sem hefur verið að gera það gott í Vestmannaeyjum. Helstu niðurstöðu PISA sem nú birtast eru þær að 40% fimmtán ára nemenda á Íslandi búa ekki yfir grunnhæfni í lesskilningi. Hlutfall nemenda sem nær þessari grunnhæfni (um 60%) hefur lækkað um 14 prósentustig hér á landi frá síðustu könnun.

#### **Svar:**

Skóla- og frístundasvið mun fá fagfólk á sviði menntamála til að greina niðurstöðurnar og í framhaldinu koma með tillögum um hvernig við getum horft til framtíðar til að hækka röðun okkar en ekki síður til þess að efla börnin í skólum okkar enn frekar. Þetta verður gert sem hluti af næsta áfanga í innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur og í samráði við vettvang skóla- og frístundastarfs í borginni.